Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins 27. ágúst 2025

F R Á S Ö G N

af fundi formanna landsdeilda Norðurlanda og Eystrasaltsríkja á Evrópuráðsþinginu í Jurmala í Lettlandi 22. ágúst 2025.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Sigurður Helgi Pálmason, formaður, og Auður Örlygsdóttir, sérfræðingur í alþjóðamálum.

Formenn landsdeilda Norðurlanda og Eystrasaltsríkja á Evrópuráðsþinginu hittast reglulega á stuttum fundum í þingfundavikum Evrópuráðsþingsins í Strassborg til þess að ræða þau málefni sem eru á dagskrá hverju sinni, deila skoðunum sínum og, eftir atvikum, samræma áherslur og viðbrögð við ályktunum, tilmælum og skýrslum þingsins. Samstarfið veitir mikilvægan vettvang til tengslamyndunar og skiptir sköpum þegar fylgja á eftir málum á vettvangi þingsins. Vegna ástands heimsmála hefur skapast meiri þörf á samráði og enn öflugri tengslum og því bauð formaður lettnesku landsdeildarinnar til sérstaks fundar í Jurmala, rétt utan við Ríga í Lettlandi. Helstu umræðuefni fundarins voru þær ógnir sem steðja að lýðræði í dag, staðan á Eystrasaltinu í kjölfar innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu og þær áskoranir sem ný staða í öryggis- og varnarmálum felur í sér fyrir samfélögin á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu.

Meðal þess sem formennirnir beindu sjónum sínum að var staða lýðræðis í löndunum, kosningaþátttaka og traust ungs fólks til lýðræðislegra stofnana, fjölmiðlafrelsi og valfrelsi, þ.e. frelsi fólks til þess að kjósa samkvæmt sannfæringu óháð þrýstingi, áróðri og erlendum afskiptum. Sögðu þau menntun afar mikilvæga í þessu samhengi sem og aðgerðir og viðbrögð stjórnvalda varðandi eflingu fjölmiðlalæsis og gagnrýninnar hugsunar meðal ungs fólks. Þá væri einnig afar brýnt að tryggja áframhaldandi starfsemi *Radio Free Europe/Radio Liberty (RFE/RL)*, sem komið var á fót í kalda stríðinu sem mótvægi við áróður og falsfréttir fjölmiðla í Austur-Evrópu. Starfsemi miðilsins, sem að mestu fer fram í Prag, stendur nú frammi fyrir alvarlegum áskorunum þar sem Bandaríkjastjórn hefur lokað fyrir fjármögnun hans þrátt fyrir að bandaríska þingið hafi samþykkt fjárveitingu til rekstursins. Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram neyðarframlag upp á 5,5 milljónir evra sem gerir miðlinum kleift að halda starfsemi sinni gangandi en brýnt væri að tryggja reksturinn til framtíðar.

Formennirnir ræddu erlend afskipti, sem væru sífellt stærra vandamál innan friðhelgi og landhelgi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Nauðsynlegt væri að horfa til þessara öryggisógna út frá umboði Evrópuráðsins og líta til sálrænna áhrifa og umhverfisáhrifa af skuggaflota Rússlands á svæðinu og þeim skemmdarverkum sem unnin hafa verið, m.a. með truflunum í GPS-merkjum sem hafa bein áhrif á almenna borgara og helstu innviði svæðisins. Þá gæti hópurinn beitt sér fyrir því að efla umræðu um afskipti, skemmdarverk og áhrif þeirra á vettvangi Evrópuráðsþingsins og í tengslum við umfjöllun um árásarstríð Rússlands í Úkraínu. Mikilvægt væri að varpa ljósi á þær ógnir sem blasa við á svæðinu og áhrif þeirra á samfélögin á þessum slóðum og halda þannig umræðunni á lofti. Í þessu samhengi var einnig rætt hvernig aðlaga mætti starfandi stofnanir að nýjum pólitískum veruleika. Alþjóðastofnanir störfuðu í þágu aðildarríkja og borgara þeirra og margar hverjar væru meðvitaðar um stöðuna á Eystrasaltinu og öryggi þar í víðum skilningi. Engu að síður væri svigrúm til úrbóta í mörgum tilvikum og mikilvægt að horfa til öryggis út frá sálrænum áhrifum af erlendum afskiptum og aðgerðum á svæðinu, fjölþátta ógnum og upplýsingaóreiðu en ekki eingöngu í tengslum við hernað og hefðbundnar varnir. Formennirnir ræddu einnig beitingu flóttafólks í pólitískum

tilgangi sem hluta af fjölþátta ógnum (e. *instrumentalisation of migration*). Lettar hefðu ekki farið varhluta af þessum aðgerðum þar sem Rússland og Belarús beindu flóttafólki frá þriðju ríkjum að landamærum Lettlands í þeim tilgangi að skapa sundrung og grafa undan stoðum lýðræðis í landinu.

Eftir fundinn sendu formennirnir frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem þau ítreka staðfestu sína í að standa vörð um frið, öryggi og lýðræði í Evrópu. Þau lýstu yfir stuðningi sínum við fullveldi, sjálfstæði og friðhelgi Úkraínu og lögðu áherslu á mikilvægi þess að allar ákvarðanir sem vörðuðu framtíð Úkraínu væru teknar af úkraínsku þjóðinni. Í yfirlýsingunni leggja formennirnir einnig áherslu á að standa vörð um lýðræði á Norðurlöndunum og á Eystrasaltinu og lýsa áhyggjum af auknum erlendum afskiptum á svæðinu.

Hópurinn lagði jafnframt áherslu á að halda áfram að efla þessi mikilvægu og sterku tengsl og stuðla að góðu samráði og samstarfi. Ræddu formennirnir m.a. skilvirkara samráð á reglubundnum fundum hópsins í þingfundaviku með tilliti til umræðunnar og trúnaðarstarfa á vettvangi þess. Þá lögðu þau fram tillögu um að koma á reglubundnum fundum í tengslum við fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins eða árlegum fundum utan hefðbundinna funda Evrópuráðsþingsins til þess að veita svigrúm til dýpra samtals og öflugra samstarfs. Frekari upplýsingar fást hjá sérfræðingi Íslandsdeildar og á vefsvæðinu pace.coe.int.